



# ÁRSSKÝRSLA 2018



# SKÁTASTARF Í REYKJAVÍK



## Innlegg frá formanni

Árið byrjaði, eins og síðustu ár, á Vetrarmóti Reyjavíkurskáta sem verður glæsilegra með hverju árinu. Nýja starfið sem Sigurgeir B. Þórisson var ráðinn í síðasta haust sem stuðningsmaður sveitarfóringja var komið á fullt. SSR fékk styrk fyrir þessu tilraunaverkefni í eitt ár sem reyndist mjög dýrmætt. Það er þessu starfi að hluta til að þakka aukningu í kjarna aldurshópum yfir veturinn. Helsta markmiðið var að efla fóringjana í Reykjavík ásamt því að koma á betri samstarfsgrundvelli sem ég tel að hafi tekist mjög vel. Hér má nefna að fálka- og dróttskátar héldu sameiginlegan viðburð að frumkvæði starfsmannsins.

Vegna þess hve vel gekk með þetta tilraunaverkefni var ákveðið að sækja aftur um styrk til Reykjavíkurborgar, sem við fengum. Inga Auðbjörg Straumland var því ráðin til starfa á haustmánuðum og hefur starf hennar farið vel af stað. Það er mikilvægt að við reynum að innleiða þetta verkefni inn í þjónustusamninginn við Reykjavíkurborg svo við getum gengið að því gefnu að fá a.m.k. einn stuðningsmann fóringja á hverju ári.

Eitt stærsta verkefni ársins var salan á Útilífsmiðstöð skáta á Úlfljótsvatni. Þetta var hugmynd sem hafði legið í loftinu lengi og var tekin afstaða til þess á seinasta aðalfundi. Þar

samþykkti fundurinn að selja ÚSÚ og fór nýkjörin stjórn strax í að klára það ferli. Skátaþing samþykkti síðan kauptilboðið og í kjölfarið var gengið til samninga en þeir gengu hratt og vel fyrir sig og var skrifað formlega undir 15. júlí eftir að meginþorri beggja stjórna kom í bæinn eftir að hafa gengið Laugarveginn á Landsmóti rekka- og róverskáta.

Annað stórt verkefni var salan á byggingarrétti að Hólmgarði 34 en þær viðræður kláruðust fyrir áramót 2017. Um mitt árið var samþykkt meira byggingarmagn á lóðinni þegar byggingaraðilinn óskaði eftir því að geymsluskúrar á lóðinni fengju að standa áfram. Samkomulag náðist og byggingaraðilinn mun taka á sig vinnu við að hreinsa út úr nýja rými SSR og koma því í þannig ástand að hægt sé að koma því í nothæft ástand fyrir Garðbúa. Samkvæmt verkáætlun á uppbyggingin ekki að hafa mikil áhrif á starfsemi Garðbúa en þegar þakið verður tekið af húsinu verður þó einhver röskun. Áætluð verklok eru í júlí 2019 og þegar því er lokið mun húsnæði verða einkar glæsilegt og ásýnd húsnæðisins mun batna til muna.

*Benedikt Þorgilsson, formaður  
Skátasambands Reykjavíkur.*

# EFNISYFIRLIT

---

*Skátasamband Reykjavíkur (SSR) var stofnað 25. nóvember 1963. SSR er, samkvæmt lögum þess, samband allra skátafélaga og annarra starfseininga skáta í Reykjavík, sem viðurkenndar eru af Bandalagi íslenskra skáta.*



**STJÓRN OG NEFNDIR**

**SKÁTAFÉLÖGIN**

**HÚSNÆÐISMÁL**

**SKÁTASTARF OG STARFSSVÆÐI**

**FJÁRMÁL OG SKÁTALAND**

**Á NÆSTUNNI**





# STJÓRN OG NEFNDIR

## Stjórn SSR

Benedikt Þorgilsson, *formaður*.  
Brynja Guðjónsdóttir, *varaformaður*.  
Baldur Árnason, *gjaldkeri*.  
Auður Sesselja Gylfadóttir, *ritari*.  
Sigurbjörg Sæmundsdóttir,  
*meðstjórnandi*.  
Tryggvi Bragason, *meðstjórnandi*.  
Sif Pétursdóttir, *meðstjórnandi*.

## Skoðunarmenn

Kjörin á aðalfundi til eins árs:  
Hanna Guðmundsdóttir, *félagskjörin*.  
Endurskoðunarskrifstofan *Skattur og bókhald*, lögg. endursk.

## Uppstillingarnefnd

Kjörin á aðalfundi til eins árs:  
Auðna Ágústsdóttir.  
Elmar Orri Gunnarsson.  
Hrönn Þormóðsdóttir.

## Laganefnd

Kjörin á aðalfundi til eins árs:  
Sigurjón Einarsson.  
Þórhallur Helgason.  
Ylfa Garpsdóttir.

## Fastaráð og fulltrúar

### Úlfljótsvatn sf.

Ögmundur Jónasson.

### Úlfljótsvatnsráð

Þröstur Ríkarðsson.  
Arthur Pétursson.  
Páll L. Sigurðsson.

### Hafravatnsráð

Guðmundur Þór Pétursson.  
Liljar Már Þorbjörnsson.  
Jón Andri Helgason.

### Minjanefnd

Björn Jón Bragason, *formaður*.  
Sigrún Sigurgestsdóttir.

### Friðrikskapella

Ingi Rafn Ólafsson.

# SKÁTAFÉLÖGIN

## Árbúar

Hraunbæ 123

**Félagsforingi:** Sigríður Hálfánardóttir

**Starfssvæði:** Árbær og Grafarholt

## Garðbúar

Hólmgarði 34

**Félagsforingi:** Helgi Jónsson

**Starfssvæði:** Háaleiti- Bústaðir

## Hafernir

Hraunbergi 12

**Félagsforingi:** Sigrún Ósk Arnardóttir

**Starfssvæði:** Breiðholt

## Hamar

Logafold 106

**Félagsforingi:** Ágúst Arnar Þráinsson

**Starfssvæði:** Grafarvogur og Grafarholt

## Landnemar

Háuhlíð 9

**Félagsforingi:** Arnlaugur Guðmundsson

**Starfssvæði:** Miðborg og Hlíðar

## Segull

Tindaseli 3

**Félagsforingi:** Þórhallur Helgason

**Starfssvæði:** Breiðholt

## Skjöldungar

Sólheimum 21a

**Félagsforingi:** Helga Þórey Júlíusdóttir

**Starfssvæði:** Laugardalur


## Ægisbúar

Neshaga 3


**Félagsforingi:** Helga Rós Einarsdóttir

**Starfssvæði:** Vesturbær og Miðborg

## Fjöldi skáta í Reykjavík



## Fjöldi skáta eftir félagi og ári





### 3.

## HÚSNÆÐISMÁL

Skátasamband Reykjavíkur er eigandi sex af átta skátaheimilum í Reykjavík. Skátafélögin Hafarnir og Ægisbúar eru í húsnæði sem Reykjavíkurborg á og er leigusamningur milli SSR og Reykjavíkurborgar varðandi húsnæði Ægisbúa og samkomulag milli Hafarna og Reykjavíkurborgar varðandi húsnæði Hafarna. Skátafélögin Landnemar og Segull eiga skráðan hlut í sínum skátaheimilum. Húsnæði skátaheimila eru í misgóðu ástandi og hefur SSR fengið fjármagn frá Reykjavíkurborg til viðhalds undanfarin ár og gengið ágætlega að sinna viðhaldi skátaheimila. Á þessu ári var aðallega sinnt viðhaldi í Hamars-, Segla- og Ægisbúaheimilinu, tengd rafmagni og smíðavinnu. Einnig var byrjað á viðgerðum á þaki hjá Ægisbúum. Það hefur setið á hakanum hjá Reykjavíkurborg og bitnað á skátaheimilinu og eru

miklar rakaskemmdir innandyra í skátaheimilinu. Stefnt er að því að fara í víðamiklar framkvæmdir á húsnæði Skjöldunga með því að skipta um þak og glugga. Það er byrjað á að umbreyta Garðbúaheimilinu að utan og verður það einkar glæsilegt þegar þeim framkvæmdum er lokið. Í kjölfarið verður hugað að framkvæmdum innandyra. Laga þarf dren hjá Landnemunum ásamt að mála skátaheimilin flest að utan næsta sumar. Mikilvægasta verkefni stjórnar SSR varðandi húsnæðismál er að finna nýtt húsnæði fyrir Segul og hafa verið þreyfingar milli SSR og Reykjavíkurborgar um að finna nýja staðsetningu fyrir skátaheimili í Íþróttakjarnanum þar sem ÍR er með aðstöðu í dag. Vonandi mun það skýrast árið 2019 hvort það muni ganga eftir.

## 4.


# SKÁTASTARF OG STARFSSVÆÐI

## Skátamót og viðburðir

### Vetrarmót Reykjavíkurskáta


Vetrarmótið var haldið á Úlfjótsvatni í fjórða sinn helgina 26.-28. janúar í Undrarlandi skáta á Úlfjótsvatni. 150 skátar úr öllum skátafélögum mættu og hefur Vetrarmótið fest sig í sessi sem mikilvægur þáttur í skátastarfi í Reykjavík. Foringjar jafnt sem þátttakendur skemmta sér konunglega á mótinu þótt að allir komi mjög þreyttir heim eftir mikla keyrslu yfir heila helgi.

### Fjöldi þátttakenda



Myndritið sýnir fjölda þátttakenda á Vetrarmóti síðustu fjögur ár.

### Fjöldi þátttakenda eftir félagi



Myndritið sýnir fjölda frá hverju félagi á Vetrarmóti og þróun síðustu fjögur ár.



**ÆGISBÚAR**

**LANDNEMAR**

**SKJÖLDUNGAR**

**GARÐBÚAR**

**SEGULL**





**HAMAR**

**ÁRBÚAR**

**HAFERNIR**

**HAMAR &  
ÁRBÚAR**



## Landsmót

Á þessu starfsári voru haldin fjögur landsmót, eitt fyrir hvert aldursbil. Drekaskátamótið var haldið á Úlfliótsvatni 9.-10. júní, fálkaskátamót í Laugum í Sælingsdal 5.-8. júlí dróttskátamót 20.-24. júní og svo rekka- og róverskátamót í Þórsmörk 12.-15. júlí. Skátar úr Reykjavík sáu um skipulagningu á bæði drótt-, og rekka- og róvermótinu. Mikil gleði var á öllum mótum og almennt ánægja með fyrirkomulagið að halda sérstakt skátamót fyrir hvert aldursbil.



### Landsmót drekaskáta

Skátar 60  
Foringjar 25  
Mótstjórn 1



### Landsmót fálkaskáta

Skátar 35  
Foringjar 17



### Landsmót dróttskáta

Skátar 17  
Foringjar 4



### Landsmót rekka- og róverskáta

Skátar 34

## Róverway

Skátar 5  
IST 1  
Foringar 1

## 17. júní

Skátarnir í Reykjavík voru að venju áberandi við hátíðahöldin í Reykjavík á Þjóðhátíðardaginn. Skátar stóðu heiðursvörð við Austurvöll þar sem hátíðadagskrá fór fram og einnig við leiði Jóns Sigurðssonar í Hólavallagarði við Suðurgötu. Þar á eftir fóru tvær skruðgöngur í Hljómskálagarðinn, önnur frá Lækjartorgi og hin frá Hagatorgi. Í Hljómskálagarðinum var skemmtidagskrá sem skátarnir í Reykjavík stóðu fyrir. Þar voru leiktæki frá Skátalandi sem og glæsileg skátaþrautabraut, kassaklifur, klifurveggur og auðvitað það helsta sem svanga maga langar í á löngum hátíðardegi eins og pizzur, kaffiveitingar, popp, kók sem og hið sívinsæla Candy floss. 17. júní er mikilvægur skátum í Reykjavík bæði upp á sýnileika sem og tekjulega séð. Tekjur af sölu á veitingum í Hljómskálagarðinum fer í að efla skátastarfið í Reykjavík.




## Útilífsskólar


Frábær þátttaka var í Útilífsskóla skáta sumarið 2018. Svipaður heildarfjöldi og í fyrra en í ár voru færri námskeið og því var meðaltal þátttakenda á hverju námskeiði örlítið hærra. Að þessu sinni voru starfsstöðvar hjá Árbúum, Hamri, Garðbúum, Landnemum og Skjöldungum. Lykilatriði í velgenginni er að auglýsingar fóru af stað fyrr en áður og reynsla komin á nýtt skráningarkerfi. Félögin fá starfsmenn frá Vinnumiðlun ungs fólks og Vinnuskóla Reykjavíkur til að halda úti sumarnámskeiðunum. Óskað var eftir frekari stuðningi Reykjavíkurborgar til þess að fjölga starfsstöðvum sem tókst ekki að þessu sinni en SSR mun halda áfram að vinna í að fjölga starfsstöðvum Útilífsskólans.

Starfsmenn Útilífsskólans þurfa að sækja starfsmannanámskeið á vegum BÍS þar sem þau fara í skyndihjálp, hegðun gagnvart börnum, Verndum þau, rekstur Útilífsskóla og fleira.

### Heildarfjöldi þátttakenda í Útilífsskóla skáta



### Fjöldi þátttakenda eftir félagi



## RS. Puttalingar

Rs. Puttalingar er sameiginleg rekkaskátasveit í Reykjavík. Hún var stofnuð 2016 og kláraði annað starfsárið sitt seinasta vor. Sveitarfóringjar veturinn 2017/2018 voru Benedikt Þorgilsson, Sigurgeir og Anna Marta. Eftir sumarið kom Heiðdís Árný inn fyrir Önnu Mörtu, þegar hún hafði tíma.

Mæting á fundina var misjöfn en alla jafna mættu milli fimm til tíu skátar á hvern fund sem voru haldnir vikulega. Starfsárinu var svo slútt að með ferð til Akureyrar þar sem gist var í Gamla fyrir ofan Hamra. Það er orðin hefð í sveitinni að halda eina stóra útilegu í lok starfsárs sem sveitin greiðir fyrir að fullu. Það voru 13 skátar sem fórum í þá ferð.

Í sveitinni störfuðu um 16 skátar á vorönn, fjórir Landnemar, fimm Hamrar, fjórir Skjöldungar og þrír Seglar.

Haustönnin byrjaði vel en strax í byrjun starfsárs fórum við í þrist til að hrista saman hópinn og hafa gaman. Í þá ferð mættu 13 krakkar ásamt þremur fóringjum og gekk hún mjög vel.

## Forsetamerki

Forsetamerkið er afhent rekkaskátum af forseta Íslands. Merkið er veitt fyrir sérstaklega þróttmikið skátastarf og það tekur tvö til þrjú ár að vinna að merkinu. Að þessu sinni kláruðu þrír skáta sín verkefni en sökum hve fá þau voru þá var frestað afhendingu á merkinu sjálfu.

Katrín Kjartansdóttir, Árbúum  
Brynhildur Íris Bragadóttir, Segli  
Sandra Björk Bragadóttir, Segli

## Gilwell

Gilwell er leiðtogaþjálfun fyrir fullorðna leiðtoga í dagskrá skátahreyfingarinnar um allan heim. Gilwell-leiðtogaþjálfunin byggir ofan á reynslu þátttakenda og gerir þeim kleift að marka sér stefnu og setja sér markmið til enn frekari þroska, átaka og sigra í skátastarfi og í lífinu yfirleitt.



Átta skátar úr Reykjavík útskrifuðst úr Gilwell-leiðtogaþjálfun á árinu 2018.

Harpa Óskarsdóttir, Haförnum  
Egle Sipaviciute, Landnemun  
Ólafur Loftsson, Landnemun  
Guðjón Hafsteinn Kristinsson, Segli  
Marta Björgvinsdóttir, Segli  
Daði Auðunsson, Skjöldungum  
Helga Þórey Júlíudóttir, Skjöldungum  
Óskar Þór Þráinsson, Skjöldungum

Þeir skátar sem eru á Gilwell vegferðinni

Kjartan Bragi Ágústsson, Árbúum  
Gunnar Ingi Sverrisson, Árbúum  
Óli Björn Sigurðsson, Árbúum  
Valdís Hrund Hauksdóttir,  
Skjöldungum  
Berglind Lilja Björnsdóttir, Segli  
Katrín Kjartansdóttir, Árbúum  
Brynja Guðjónsdóttir, Garðbúum  
Sigurgeir Bjartur Þórisson,  
Landnemun  
Rafnar Friðriksson, Skjöldungum  
Agnes Lóa Gunnarsdóttir, Segli  
Brynhildur Íris Bragadóttir, Segli  
Ragnheiður Silja Kristjánsdóttir,  
Garðbúum  
Aníta Rut Gunnarsdóttir, Segli  
Védís Helgadóttir, Landnemun  
Sandra Björk Bragadóttir, Segli  
Írena Játvarðardóttir, Hamri  
Daði Már Gunnarsson, Árbúum  
Eyja Eydal Björnsdóttir, Ægisbúum  
Benedikt Þorgilsson, Garðbúum

## Heiðursmerki SSR

Engin heiðursmerki voru afhent árið 2018.

5.

## FJÁRMÁL

Staða í fjármálum SSR er góð. Eftir sölu á rekstri og fasteignum á Úlfljótsvatni, sölu á byggingarrétti í Hólmgarði og aukið fjármagn í viðhald skátafélaga frá Reykjavíkurborg hefur fjárhagur SSR verið góður á þessu ári. Hluti af þeim fjármunum sem eru á bankabók núna er búið að eyrnamerkja í verkefni tengd viðhaldsmálum skátaheimila og stefnan er sett á að auka fjármagn til viðhalds, til að flest skátaheimili verði komin í gott ástand sem allra fyrst.

6.

## SKÁTALAND

Árið 2018 var 19 starfsár Skátalands og starfssemin með sama hætti og undanfarin ár. Skátaland er mikilvægt fjáröflunarfyrtæki sem styrkir skátatarfið. Skátaland sér um skipulagningu á 17. júní og leiktæki Skátaland eru vinsæl hjá skátafélögum á sumardaginn fyrsta og í Útilífsskólanum. Skátaland var áberandi í sumar á viðburðum á vegum Knattspyrnusambands Íslands þar sem Skátaland var með leiktæki og söluvagn á öllum landsleikjum Íslands í kringum



HM og aðra landsleiki karla og kvenna á Laugardalsvelli. Fjölmargir skátar störfuðu á vegum Skátalands í sumar, þ.e. Aron Gauti Sigurðsson, Gunnar Ingi Stefánsson, Helena Sif Gunnarsdóttir, Rafnar Friðriksson, Rikey Alda Prastardóttir og Sædís Ósk Helgadóttir og voru þau fastráðin, mismengi hver. Keyptir voru tveir nýir hoppukastalar á árinu og samþykkt af stjórn SSR að kaupa tvö ný leiktæki á hverju ári til þess að bjóða árlega upp á ný tæki.

## 7.

# Á NÆSTUNNI

## Afmælistímót SSR 2019

Á árinu 2019 verða liðin 50 ár síðan Skátafélag Reykjavíkur og Kvennskátafélag Reykjavíkur voru lögð niður og Skátafélögin Dalbúar, Garðbúar, Hamrabúar, Landnemar, Ægisbúar og stuttu seinna Skjöldungar voru stofnuð. Fjögur af þessum félögum starfa ennþá í dag og munu fagna 50 ára afmæli sínu 2019. Stefnt er að því að halda í sumar Afmælistímót SSR þar sem haldið verður upp á þessi 50 ár frá sameinginunni drengja- og kvennskáta í Reykjavík. Mótið verður haldið í Undralandi á Úlfjótssvatni helgina 4.-7. júlí og verður sérstök afmælishátíð laugardaginn 6. júlí þar sem skátafélögin munu bjóða upp á skemmtidagskrá og haldin verður risa afmælistíðvaka um kvöldið.

## Alheimsmót 2019

Fjórða hvert ár er haldið Alheimsmót skáta þar sem skátar úr öllum heiminum koma saman á skátamót. Næsta mót verður haldið í Bandaríkjunum og á mótinu verða rúmlega 45.000 þátttakendur frá öllum heiminum. Ísland mun senda tæplega 180 skáta þar af 120 sem þátttakendur á mótinu sjálfu en svo fara um 45 sjálfboðaliðar sem sveitarforingjar eða aðstoðarmenn á vegum mótins og restin er í fararstjórn.

# ÞAKKIR



Stjórn Skátasambands Reykjavíkur þakkar öllum þeim fjölmörgu skátum sem af áhuga hafa unnið að verkefnum á vegum SSR, bæði í stjórnunarstörfum, störfum í ráðum, nefndum og að öðrum verkefnum á vegum SSR og lagt fram ómælda vinnu og tíma. Ennfremur þakkar stjórnin félagsfóringjum og stjórnnum skátafélaganna og öðrum skátum í

Reykjavík samstarfið á starfsárinu 2018. Stjórn SSR færir ÍTR og starfsfólki ráðsins, öðru starfsfólki Reykjavíkurborgar og borgarfulltrúum fyrir góða samvinnu á starfsárinu.

*Lagt fram á aðalfundi SSR, 28. mars 2019.*

*Stjórn SSR.*



**Skáttasamband  
Reykjavíkur**